

Georg er borte

"Georg er týndur"

Höfundur texta og mynda: Ragnar Aalbu (NO)
Vigmostad & Bjørke, 2021
Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2022.

Söguþráður: Strákur saknar kattarins Georgs sem hefur verið týndur dögum saman. Strákurinn ætlar með pabba sínum að leita að kettinum. Hvar getur hann verið? Hvað kom fyrir? Hvað ef Georg kemur ekki aftur heim! Hvað ef Georg er dáinn. Margar spurningar og tilfinningar koma upp í samtali stráksins og pabba hans meðan þeir eru úti að leita að kisu.

Efnisorð: dauði, tilvera, tegsl, hræðsla, söknuður, vangaveltur, áhyggjur, sjónarhorn barnsins, dýr

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Leitið að Georg og öðrum skemmtilegum smáatriðum í bókinni.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Georg er týndur, hvað heldurðu að hafi komið fyrir?
3. Hefur þú einhvern tíma saknað einhvers? Hvernig leið þér þá?
4. Hvar heldurðu að Georg hafi verið? Lýstu því með mynd sem þú málar með svampi og litum.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Heldurðu að Georg hafi saknað stráksins? Af hverju heldurðu það?
2. Pabbi segir að fólk hverfi að eilífu þegar það deyr. Hvernig ætli það væri ef engin myndu deyja?
3. Ímyndaðu þér að Georg geti talað. Skrifaðu litla sögu um það sem kom fyrir Georg, hvar hann var og hvernig honum leið. Það væri gaman ef þú teiknaðir myndir við söguna.



ISBN 978-952-7490-42-6

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Skoðaðu myndirnar. Hvað finnst þér um þær? Hvernig er andrúmsloftið? Veldu opnu sem vekur hjá þér miklar tilfinningar. Segðu frá því hvers vegna þú valdir þessa opnu.
3. Hvar heldurðu að Georg hafi verið? Búðu til ljóð út frá myndunum innan á bókarkápunni.
4. Ímyndaðu þér að fólk geti átt mörg og mismunandi líf. Hver eða hvað varstu í fyrra lífi? Og hvað eða hver viltu vera í næsta lífi? Skrifaðu!

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:
Abbi og eg og Abbi - Dánial Hoydal og Annika Øyrabø

MÁLAMOLI

"Söknuður"

sænska

Saknad

danska

Savn

norska

Savn

íslenska

Söknuður

færeyska

Saknaður

grænlenka

Maqasineq

finnska

Ikävä

norðursamíska

Áibbašearpmi



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)